

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2022  
Tilvísun: OS2020020044/  
Verknúmer: vantar

## Efni: Vegna erindis frá ráðherra um endurskoðun á framlagningu orkukosta að eigin frumkvæði Orkustofnunar

Orkustofnun vísar í bréf dags. 3. júní 2022 frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti er varðar beiðni ráðherra um að orkukostir sem Orkustofnun hafði frumkvæði að lagðir yrðu til mats í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar (hér eftir rammaáætlunar), verði dregnir til baka.

Á árunum 2014 og 2015 fól Orkustofnun, að eigin frumkvæði og í samræmi við heimild ákvæðis 2. mgr. 9. gr laga um verndar- og orkunýtingaráætlunar, verkefnisstjórn að ljalla um ákveðna orkukosti við vinnslu 3. áfanga rammaáætlunar. Var það gert á sínum tíma m.a. í þeim tilgangi að draga fram heildstæða yfirsýn yfir möguleika til orkuvinnslu á landsvísu á hlutlausan máta, óháð fyrirhuguðum verkefnum einstakra framkvæmdaraðila, og fá fram mat verkefnastjórnar á þeim kostum sem dregnir höfðu verið fram sem mögulegir virkjunarkostir í samantektarskýrslum fyrri ára, t.d. í svokallaðri hvítbók sem gefin var út árið 1994. Hafa flestir þessara kosta verið flokkaðir í biðflokk í þeirri þingsályktunartillögu sem nú liggur fyrir til samþykktar Alþingis sem byggð er á niðurstöðum verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar.


Í þeim tilgangi að leita leiða til að veita stuðning við framgang rammaáætlunar í nútíð og framtíð hefur Orkustofnun, í kjölfar samtals við verkefnastjórn 5. áfanga rammaáætlunar og ráðuneytið, haft til skoðunar þann möguleika að draga ofangreinda virkjunarkosti formlega út úr ferli rammaáætlunar. Í núverandi þingsályktunartillögu sem bíður samþykktar Alþingis eru samtals 28 orkukostir í biðflokki sem sendir voru inn að frumkvæði stofnunarinnar. Þessir kostir eru ýmist til nýtingar vatnsafls eða jarðhita og hafa hingað til ekki verið formlega teknir upp til ítarlegri skilgreiningar hjá framkvæmdaraðilum orkuvinnslu. Yfirlit yfir umrædda kosti má finna í töflum A fyrir vatnsaflskosti og B fyrir jarðhitakosti í Viðauka I með bréfi þessu.

Að beiðni ráðherra og að undangenginni athugun í samráði við verkefnastjórn 5. áfanga og ráðuneyti tilkynnir Orkustofnun með bréfi þessu þá ákvörðun sína að draga til baka þá orkukosti sem stofnunin lagði fram til meðferðar í 3. áfanga rammaáætlunar (sjá Viðauka I), og eru flokkaðir í biðflokki skv. þeirri þingsályktunartillögu sem nú bíður samþykktar Alþingis.

Virðingarfyllst,



Halla Hrund Logadóttir  
orkumálastjóri



Marta Rós Karlsdóttir  
sviðsstjóri sjálfbærrar auðlindanýtingar



Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur

**Viðauki I – Listi orkukosta Orkustofnunar í núverandi þingsályktunartillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun**

*Tafla A. Vatnsaflskostir*

Landshluti	Virkjunarkostur	Nr.
Vesturland	Kljáfossvirkjun	R3101A
Vesturland	Reyðarvatnsvirkjun	R3144A
Vesturland	Virkjun Hvítar við Norðurreyki	R3145A
Suðurland	Hverfisfljótsvirkjun	R3115A
Suðurland	Haukholtavirkjun	R3135A
Suðurland	Vörðufell	R3136A
Suðurland	Hestvirkjun	R3137A
Suðurland	Selfossvirkjun	R3138A
Suðurland	Kaldbaksvirkjun (Jökulpáttur Síðuvatna)	R3151A
Suðurland	Brúarárvirkjun	R3153A
Suðurland	Núpsárvirkjun	R3155A
Austurland	Hafralónsá - efra þrep	R3146A
Austurland	Hafralónsá neðra þrep	R3147A
Austurland	Hofsárvirkjun	R3148A
Austurland	Hraunavirkjun til Suðurdals í Fljótsdal	R3149A
Austurland	Hraunavirkjun til Berufjarðar	R3150A
Norðurland	Vatnsdalsá	R3142A
Norðurland	Blöndudalsvirkjun	R3154A

*Tafla B. Jarðhitakostir*

Landshluti	Virkjunarkostur	Nr.
Suðurland	Seyðishólar	R3205A
Suðurland	Sandfell Biskupstungum	R3206A
Suðurland	Reykjaból	R3207A
Suðurland	Sköflungur	R3208A
Norðausturland	Bakkahlaup	R3209A
Suðurland	Botnafjöll	R3210A
Suðurland	Grashagi	R3211A
Reykjanesskagi	Sandfell sunnan Torfajökuls	R3212A
Suðurland	Hveravellir	R3283A
Norðausturland	Hrúthálsar	R3295A

*Afrit sent til: Verkefnissjórnar rammaáætlunar*